



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Eyjafjarðarsveit, 2023-22-08

Mál: 2307004

Skjal: 2307004-E-UMS-01

**Efni: Hótel í Ytri-Varðgjá Vaðlaskógi - umsagnarbeiðni vegna matsskylduákvörðunar  
Skipulagsstofnunar**

**Forsaga málsins:**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar barst erindi þann 13. júní frá Skipulagsstofnun: 202305014- Ytri-Varðgjá Hótel, Eyjafjarðarsveit. Þar sem Hótel Gjá ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 12. júní 2023, um Ytri-Varðgjá Hótel, Eyjafjarðarsveit skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Eyjafjarðarsveit gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

*Óskað var eftir fresti til að svara erindinu vegna sumarleyfa og var hann veittur.*

**Afgreiðsla málsins:**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fjallaði um erindi þitt á fundi sínum 17. ágúst 2023. Eftirfarandi er bókun úr fundargerð:

2307004 - Hótel í Ytri-Varðgjá Vaðlaskógi - umsagnarbeiðni vegna matsskylduákvörðunar  
Skipulagsstofnunar

Hótel Gjá ehf. hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu um Ytri-Varðgjá Hótel, Eyjafjarðarsveit skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 óskar Skipulagsstofnun eftir að Eyjafjarðarsveit gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Umsagnarfrestur var 13. júlí sl. en hefur nú verið framlengdur. Meðfylgjandi er matskyldufyrirspurn unnin af Landslagi, dagsett 09.06.2023.

Skipulagsnefnd telur að framkvæmdartilkynningin geri góða grein fyrir framkvæmdinni og nefndin telur ekki tilefni til þess að framkvæmdin undirgangist umhverfismat. Skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé háð annarsvegar framkvæmdaleyfi og hinsvegar byggingarleyfi sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að svarbréf svo hljóðandi verði sent Skipulagsstofnun. Anna Guðmundsdóttir lýsir sig vanhæfa og vikir af fundi.

Anna Guðmundsdóttir lýsti sig vanhæfa og vék af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða bókun skipulagsnefndar um að framkvæmdartilkynningin geri góða grein fyrir framkvæmdinni og telur ekki tilefni til þess að framkvæmdin undirgangist umhverfismat. Sveitarstjórn telur að framkvæmdin sé háð annarsvegar framkvæmdaleyfi og hinsvegar byggingarleyfi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að svarbréf svo hljóðandi verði sent Skipulagsstofnun.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristjánsdóttir

og byggingarfulltrúi  
Eyjafjarðar



Skipulagsfulltrúi  
Eyjafjarðarsveitar

## Umsögn Sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar

**Til** : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <sbe@sbe.is>  
**CC** : Sigríður Kristjánsdóttir <sigridur@sbe.is>  
**Heiti** : Umsögn Sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar  
**Málsnúmer** : 202305014  
**Málsaðili** : Hótel Gjá ehf.  
**Skráð dags** : 22.08.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <sbe@sbe.is>

Góðan dag.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fjallaði um erindi þitt á fundi sínum 17. ágúst 2023. Eftirfarandi er bókun úr fundargerð:

### **2307004 - Hótel í Ytri-Varðgjá Vaðlaskógi - umsagnarbeiðni vegna matsskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar**

*Hótel Gjá ehf. hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu um Ytri-Varðgjá Hótel, Eyjafjarðarsveit skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 óskar Skipulagsstofnun eftir að Eyjafjarðarsveit gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.*

*Umsagnarfrestur var 13. júlí sl. en hefur nú verið framlengdur. Meðfylgjandi er matskyldufyrirspurn unnin af Landslagi, dagsett 09.06.2023.*

*Skipulagsnefnd telur að framkvæmdartilkynningin geri góða grein fyrir framkvæmdinni og nefndin telur ekki tilefni til þess að framkvæmdin undirgangist umhverfismat. Skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé háð annarsvegar framkvæmdaleyfi og hinsvegar byggingarleyfi sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að svarbréf svo hljóðandi verði sent Skipulagsstofnun. Anna Guðmundsdóttir lýsir sig vanhæfa og vísir af fundi.*

*Anna Guðmundsdóttir lýsti sig vanhæfa og vék af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða bókun skipulagsnefndar um að framkvæmdartilkynningin geri góða grein fyrir framkvæmdinni og telur ekki tilefni til þess að framkvæmdin undirgangist umhverfismat. Sveitarstjórn telur að framkvæmdin sé háð annarsvegar framkvæmdaleyfi og hinsvegar byggingarleyfi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að svarbréf svo hljóðandi verði sent Skipulagsstofnun.*

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,

**Jakobína Ósk Sveinsdóttir**

Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar bs.

Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri

Sími: 463 0621



**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 13. júlí 2023  
Tilv. 2023-06-13-0583/2.4.1

Efni: Varðar áform um hótélbygginug við Ytri-Varðgjá Hótel, Eyjafjarðarsveit

Með tölvupósti þann 13. júní sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu vegna áforma um hótélbygginug við Ytri-Varðgjá Hótel, Eyjafjarðarsveit. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels á lífríki séu talin óveruleg en áhrif á gróður eru talin fremur neikvæð.

Ekki er fjallað um hugsanleg áhrif hótélbyggingar á lífríki í vatni eða fiskstofna. Að teknu tilliti til bágrar stöðu bleikju í Eyjafjarðará telur Fiskistofa rétt að fjallað verði um það sérstaklega hvort líkur séu á því að byggingin muni hafa áhrif á viðkomu bleikju.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. júlí 2023  
Málsnúmer: 202306-0019  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu byggingar á hóteli í landi Ytri-Varðgjár.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Hótel Gjá ehf. á byggingu hótels í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit, eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar, dags. 23. febrúar 2023, um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og nýs deiliskipulags vegna uppbyggingar á hóteli á landareignum Ytri- og Syðri Varðgjár. Í þeirri umsögn kom fram að svæðið þar sem hótelluppbyggingin er áætluð hafi ekki sérstaklega hátt verndargildi út frá náttúruverndarsjónarmiðum, enda ræktað land að nær öllu leyti og einkum skógræktarsvæði. Þó finnast þar graslendisvistgerðir með nokkuð hátt verndargildi, en ekki er um stórt svæði að ræða. Uppbyggingin mun raska búsvæðum lífvera t.d. fugla og skerða að einhverju leyti útivistargildi skógræktarsvæðisins. Því væri mikilvægt að halda raski í lágmarki. Gerð var athugasemd við að skipulagssvæðið næði yfir leirurnar til vesturs og halda ætti því svæði utan við áætlaða uppbyggingu eins og hægt er þar sem svæðið er notað af fuglum. Einnig þyrfti að huga vel að frárennslismálum.

Þessar ábendingar eiga flestar einnig við um áformaða framkvæmd sem tilkynnt er hér til Skipulagsstofnunar, sérstaklega þær er varða verndargildi gróðurfars og rask á landi vegna uppbyggingar hótels. Nú liggur einnig fyrir að gera þarf aðkomuveg að framkvæmdasvæðinu og er áformað að hann komi úr vestri frá Eyjafjarðarbraut eystri og þvera lónið á fyllingu. Um 200 metra langan veg verður að ræða. Mun þessi framkvæmd sem og aðrar smærri landfyllingar nær landi raska búsvæðum fugla við lónið að einhverju leyti þótt ekki sé um að ræða raskað svæði sem er ekki innan þess svæðis sem er á gildandi náttúruminjaskrá „510. Óshólmar Eyjafjarðarár“ og er staðsett vestan Eyjafjarðarbrautar eystri. Vel hefur verið fylgst með fuglalífi á óshólum Eyjafjarðarár m.a. í jaðrinum við Eyjafjarðarbraut eystri en þó mætti kanna sérstaklega betur fuglalíf þess hluta lónsins sem verður fyrir raski til að geta haft skýrari mynd um áhrif vegagerðarinnar og annarra framkvæmdaliða.

Þörf er á nýrri hreinsistöð fráveitu til að anna fráveitu frá fyrirhuguðu hóteli og leggja þarf fráveitulögn frá hóteli að hreinsistöðinni sem staðsetja á norðan þjóðveggar 1 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Afar mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að þessar aðgerðir tryggi að umhverfi óshólma Eyjafjarðarár standi engin ögn af aukinni fráveitulosun.

Greint er frá helstu umhverfisáhrifum í greinargerð tilkynningar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er umfjöllun um líkleg áhrif á landslag og lífríki raunsæ og stofnunin tekur undir niðurstöðu matsins. Þrátt fyrir að óneitanlega verði neikvæð áhrif, einkum á ræktaðan skóg og umhverfi



lónsins, með tilheyrandi búsvæðaskerðingu fyrir lífríki, er um þegar raskað svæði að ræða og svæðið í heild ekki metið með hátt verndargildi. Náttúrufræðistofnun leggur til að skoðað sé betur fuglalíf framkvæmdasvæðisins en að öðru leyti telur stofnunin framkvæmdina og líkleg áhrif hennar ekki vera þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2023  
UST202306-178/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Ytri-Varðgjá Hótel – Eyjafjarðarsveit. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að reisa hótel neðst í skógivaxinni brekku neðan við Ytri-Varðgjá. Byggingin verður 5 hæðir og allt að 9.000 m<sup>2</sup>. Aðkoma að hótelinu verður frá Eyjafjarðarbraut eystri yfir lón sem myndaðist við lagningu vegarins.

Óshólmar Eyjafjarðarár eru á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera mikið fuglalíf og sérstætt gróðurfar. Svæði er að mestu vestan Eyjafjararbraut eystri.

Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að ætla að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf fyrst og fremst að huga að fráveitu og sjónrænum áhrifum hótelsins. Fram kemur í greinargerð að reist verði hreinsivirki við hótelið og gerðar verða ítrustu kröfur til gerðar og virkni hreinsivirkis.

Hvað sjónræn áhrif varðar er gert ráð fyrir að byggja hótelið að hluta inn í skógivaxna brekkuna til að milda áhrif á landslag. Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að draga úr sjónrænum áhrifum bygginga á þennan hátt. Undanfarin ár hefur verið talsverð uppbygging á svæði sunnan Hringvegar og austan Eyjafjarðarbrautar eystri. Allar líkur eru á að þessi þróun muni halda áfram og að þarna verði áframhaldandi mannvirkjagerð þar með talin íbúðabyggð og með tímanum mun þetta svæði verða hluti þéttbýlis.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Rakel Sæmundsdóttir,  
*sérfræðingur*





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 29. júní 2023  
MÍ202306-0071/ 6.07 / S.G.

## Umsögn Minjastofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna hótels við Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 13. júní. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hótel Gjá ehf. hefur uppi áform um að byggja hótél í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit. Fyrirhugað hótél verður staðsett um 100 m sunnan við baðstaðinn Skógarböðin en þar er gróin eyri neðan Varðgjárinnar. Ofan eyrarinnar og fjöruborðsins er skógurinn Vaðlaskógur sem nær 150-200 m til austurs en Vaðlaskógur er alls um 50 ha.

Fjallað er um fornleifar í kafla 1.4 minjaskráning. Unnin var fornleifaskráning fyrir svæðið haustið 2022, sjá Hákon Jensson *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Syðri- og Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. 2022/9. Akureyri 2022. Skráðar voru tvær minjar innan skipulagssvæðisins:

Fornleifanúmer: 2848-01 óþekkt tóft  
Fornleifanúmer: 2848-02, heimild um leið

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu raska báðum minjastöðum og er það er Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvort þeir megi víkja og þá hvaða mótvægisáðgerðir stofnunin fer frammá.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

## Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



## Fyrirspurn um matsskyldu Ytri-Varðgjá - Hótel, umsögn

Vegagerðin hefur farið yfir fyrirspurn um matsskyldu fyrir Ytri-Varðgjá – hótel skv. tölvupósti dags. 13.6.2023.

Tryggja þarf að vegur að hóteli hafi ekki áhrif á vatnsskipti austan við Eyjafjarðarbraut eystri. Hanna þarf veg í samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin telur nægjanlegar upplýsingar um þá þætti sem snúa að stofnuninni og að mat á umhverfisáhrifum bæti ekki neinu þar við.

Vegagerðina vantar á lista yfir leyfisveitendur en skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Einnig þarf leyfi Vegagerðarinnar til að gera teningar við þjóðvegi.

Síða 1 / 1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Undirskrift



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

19. júní 2023

## Ytri-Varðgjá- Hótel *Umsögn matsskyldufyrirspurn*

Með tölvupósti þann 13. Júní sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra um matsskyldufyrirspurn Hótel Gjár ehf. um byggingu 120 herbergja hótels með heilsulind og líkamsræktarstöð í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit, um 100 metum sunnan Skógarbaðanna. Jafnframt stendur til að útbúa laug frá laug Skógarbaða að hótelinu. Fyrirspurnin er unnin Landslagi fyrir Hótel Gjá ehf. og er dagsett 09.06.2023

Fram kemur að neysluvatn og hitaveituvatn verði fengið úr Vaðlaheiðargöngum eins er í Skógarböðunum. Neysluvatnsveita í Vaðlaheiðargöngum er með starfaleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og lýtur reglubundnu eftirliti HNE.

Þá kemur fram að núverandi hreinsistöð fráveitu frá Skógarböðunum anni ekki auknu álagi sem metið er allt að 480 persónueiningar. Því er gert ráð fyrir að reist verði hreinsistöð fyrir fráveitu frá hóteli og baðstað norðan Þjóðveggar 1. Tekið er fram að samráð skuli haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra varðandi útfærslu á fráveitu.

Þau leyfi/samþykki sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði HNE eru eftirtalin:

Starfsemi	Lög sem um starfsemina gild m.a.	Helstu reglugerðir
Hótel (sala á gistingu)	nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	941/2002 um hollustuhætti
Veitingastaður	nr. 93/1995 um matvæli	103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli
Heilsulind/ líkamsræktarstöð	nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	941/2002 um hollustuhætti, 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
Fráveita	nr. 7 /1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	798/1999 um fráveitur og skólp

Að mati HNE þarf að gera betur grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu frá starfseminni. T.d. hvernig baðvatn frá viðbótarlaug við Skógarböðin verður meðhöndlað og hvort til standi að forhreinsa fráveituvatn frá eldhúsi veitingastaðar í fitugildru áður en það fer í gegn um hreinsistöð. Einnig þarf að gera grein fyrir stærð veitingastaðarins, hvort til standi að hann verði einungis ætlaður gestum hótelsins eða hvort um verði að ræða opin veitingastað

Þau atriði sem skýra þarf betur eru að mati HNE ekki þess eðlis að þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRÁ**  
  
Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun  
Bt. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Dags.  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0161

Með erindi dags. 13. júní sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um fyrirspurn um matsskyldu við byggingu Ytri-Varðgjá hótels í Eyjafjarðarsveit.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofan bendir á að í greinargerðina vantar umfjöllun um náttúruvá. Í skýrslunni og við aðra skipulagsvinnu þarf að gera grein fyrir og meta áhrif vegna flóðahættu og gera grein fyrir hættu af völdum gróðurelda.

Upplýsingar um 100 ára flóð má sjá í þessum skýrslum:

[https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/Ovedursflod\\_Skyrsla\\_VI2022-009.pdf](https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/Ovedursflod_Skyrsla_VI2022-009.pdf)

[https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/Ovedursflod\\_Skyrsla\\_VI2022-009\\_Fylgiskjal.pdf](https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/Ovedursflod_Skyrsla_VI2022-009_Fylgiskjal.pdf)

Veðurstofan óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Virðingarfyllst

f.h. Veðurstofu Íslands



Hrafnhildur Valdimarsdóttir